

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á
frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til
30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978:

Vélskelflett rækja:

Ísl. kr. á kg Cif.

Blokkfryst	1 614.00
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	1 614.00
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	1 700.00
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	1 883.00
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	1 967.00

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 171/1968 fyrir Félagsstofnun stúdenta
við Háskóla Íslands.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Starfsár og reikningsár stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, sérstjórna og nefnda er frá 1. júní til 31. maí. Ár hvert skal stjórnin birta ársskýrslur um störf sín.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Félagsstofnunar stúdenta að fenginni umsögn háskólaráðs og stúdentaráðs Háskóla Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 33/1968, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1978.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Arni Gunnarsson.